

Upplýsingar um framkvæmd menningarverkefnis

Upplýsingar um verkefni

Heiti verkefnis

The Pigeon International Film Festival

Styrkhafi

The Pigeon International Film Festival

Forsvarsmaður verkefnis

Steingrímur Rúnar Guðmundsson

Styrkupp hæð

250.000

Dagsetning úthlutunar

13.10.2023

Um framkvæmd verkefnis

Yfirlit yfir framkvæmd verkefnisins og stöðu þess

Haldin var alþjóðlega kvikmyndahátíðin The Pigeon International Film Festival á Vestfjörðum í þriðja sinn, dagana 12 til 15 október. Verkefni var lokið og er unnið að uppgjöri á því. Allir reikningar hafa skilað sér inn og verður klárað á næstu dögum að gera þá alla upp.

Var framkvæmd og umfang verkefnisins í samræmi við umsókn? Var haft samráð við Ísafjarðarbæ ef breytingar voru gerðar á verkefninu?

Framkvæmd og undirbúningur var samkvæmt áætlun og engar breytingar gerðar á framkvæmd.

Undirbúningur á PIFF var unninn eftir vinnuskjali, og hver með sín verkefni. 900 myndir sóttu um, og fór langur tími í að velja inn þær myndir sem við vildum fá á hátíðina. Sýndar voru tæpar 50 myndir á þremur stöðum. Á Ísafirði, í Súðavík og á Patreksfirði.

Gestir komu að frá nokkrum löndum. Voru þeir ferjaðir á bílaleigubílum úr borginni til Ísafjarðar. Gist var í 4 til 5 nætur á Hótel Ísafirði og Hótel Horni. Sjálfboðaliðar gistu á Gamla gistiheimilinu í Mánagötu.

Hádegismatur var í boði alla dagana á Dokkuni, sem var framreiddur af aðstandendum eða starfsmönnum Dokkunnar.

Hátíðin var sett á fimmtudeginum 12. Október. Á föstudeginum var kvöldstund á Dokkuni með Presti Leó Gunnarssyni, sem var heiðursgestur hátíðarinnar. Hann var heiðraður fyrir störf sín sem leikari. Þar var hann spurður spjörum um feril sinn sem leikari á Íslandi síðustu áratuginum. Það var vel mætt á þann viðburð. Verðlaunaafhending var svo haldin á Dokkuni síðasta kvöldið og sá Skúli Mennski um tónlistaratriði.

Það voru í raun engar breytingar gerðar á verkefninu eða undirbúningi neitt breytt. Við mögulega spöruðum svolítið í gistingu, því einhverjir gestir duttu út á síðustu stundu. Áætlað var að fá gesti frá Íran, sem gekk ekki upp á endanum.

Kvikmyndahátíð haldin í 4 daga.

Aðstandendur að verkefninu voru 6. Tvær konur og 4 karlar.

Sjálfboðaliðar voru 8. 5 konur og 3 karlar.

Erlendir og innlendir gestir sem komu með myndir á hátíðina voru 12.

Áhorfendur í bíósölum hátíðarinnar voru um 780 manns.

Sýndar voru 47 myndir frá öllum heimshlutum á 24 viðburðum í 3 sveitafélögum á Vestfjörðum.

Urðu verulegar breytingar á þeirri fjárhagsáætlun sem skilað var inn með umsókn um styrk eða breyttist áætluð fjárför eftir að framkvæmd verksins hófst?

Hátíð varð örlítið ódýrari í ár, en áætlað var. Þar hefur áhrif að aðeins færri erlendir gestir komu í ár á hátíðina, þar er sparnaður í gistingu, mat og fjölda bílaleigubíla sem voru teknir á leigu. Ef afgangur verður í ár, fer hann í næstu hátíð sem verður haldin 10 til 14 október árið 2024.

Annað sem höfundur vill koma á framfæri

Kvikmyndahátíð eins og PIFF getur haft mörg jákvæð áhrif á samfélagið. Menningarlega séð, þá hafa bæjarbúar tækifæri á að sjá kvikmyndir sem venjulega myndu ekki rata í kvikmyndahús á svæðinu. Bæting í menningarflórana og meiri fjölbreytni.

Þetta getur haft jákvæð áhrif á verslun, veitingastaði og gistingu. Sem sagt bætt hagkerfið.

PIFF hefur gefið mismunandi listamönnum á svæðinu tækifæri á samvinnu. Listamenn hafa hannað merki, fána og boli. Við höfum látið gera allt fyrir okkur í heimabyggð sem hægt hefur verið að gera hér.

Það er mikil fjölbreytni í því hvernig kvikmyndahátíðin getur haft áhrif á lítil bæjarfélög, en hún stuðlar að menningarlegum, hagnýtum og samfélagslegum ávinningum á margan hátt.

Þökkum kærlega fyrir veittan stuðning.

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer:
1271

Staðfestingarmáti: Rafræn símaskilríki í gegnum
island.is

Dagsetning: 15.11.2023
16:54:20